

Alþingi
Erindi nr. P 132/910
komudagur 17.2.2006

Til nefndasviðs Alþings
Frá Samsamtökum fjárfesta.

Samtök fjárfesta telja ekki rétt að fjalla um önnur mál en varða beint stöðu fjárfesta og því munu samtökin ekki veita umsögn um mál er varða sérstaklega stöðu skuldara.

Þá telja Samtökin ekki rétt að veita umsögn um opinber hlutafélög.

Varðandi mál nr. 461 og 462 er ekki rétt að gera neinar athugasemdir, enda gera frumvörpin ráð fyrir aukinni upplýsingagjöf en slíkt er í þágu hluthafa.

Varðandi mál nr. 444 og 445 þá telja Samtök fjárfesta að öll ákvæði þessara frumvarpa séu til bóta fyrir réttarstöðu hluthafa, svo og stöðu hluthafa til að fylgjast með rekstri hlutafélaga fyrirfram í stað þess að standa frammi fyrir orðnum hlut í ársskýrslum að loknu rekstarári.

Tillögur um rafrænar atkvæðagreiðsiur er einnig til mikilla bóta enda þótt ekki megi reikna með því að slíkar atkvæðagreiðslur nái tæplega fram að ganga næstu 2 – 4 ár.

Með vinsemd,
Vilhjálmur Bjarnason
Formaður Samtaka fjárfesta.
GSM 895 6280